

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 -10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. júní 2017

Máli: Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa fylgst með tilurð frumvarpsins og veitt umsagnir um það á fyrri stigum. Samtökin hafa einnig tekið þátt í undirbúningi landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 sem samþykkt var sem þingsályktun nr. 19/145. Að mörgu leyti hefur undirbúningur landsskipulagsstefnunar og frumvarpsins nú verið til fyrirmyndar þar sem reglulega hefur verið kallað eftir samráði og ábendingum um það sem betur mætti fara.

Mikilvægt er að hafa í huga að lagafrumvarpið byggir á landsskipulagsstefnunni en þar segir: „*Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu á haf- og strandsvæðum um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.*” Þannig er megináhersla lögð á nýtingu svæðanna en að sjálfsögðu þarf að gæta að því að hún sé sjálfbær og mikilvægar náttúruminjar verndaðar. Sama hugsun kom fram í nefndarátliti umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis: „*Er þar sett fram það meginviðmið að skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu á haf- og strandsvæðum um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland. Helsta verkefni stjórnvalda er að ljúka vinnu við gerð frumvarps til laga um skipulagsmál haf- og strandsvæða sem unnið er að í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Frumvarpið mun marka með nánari hætti stefnu í skipulagsmálum haf- og strandsvæða og vonandi skapa í þeim efnum ný tækifæri fyrir skilvirka stjórnslu og sjálfbæra nýtingu.*”

Samtökin telja mikilvægt að samræmdar reglur gildi um nýtingu haf- og strandsvæða um allt land og að vinna við skipulag svæðanna utan netlaga sé á forræði ríkisvaldsins með eðlilegri aðkomu nálægra sveitarfélaga og viðkomandi hagsmunaaðila enda er gert ráð fyrir því í fyrrnefndri þingsályktun þar sem segir: „*Komið verði á fót svæðisbundinni skipulagsgerð fyrir haf- og strandsvæði næst landi sem veiti grundvöll fyrir nýtingu haf- og strandsvæða, taki mið af mismunandi hagsmunum og samþættingu nýtingar og verndar við ströndina, þar sem gæta þarf samræmis milli skipulags á landi og hafi.*”

Samtökin telja að frumvarpið marki málaflokknum eðlilegan ramma.

En jafnframt vilja samtökin minna á að nauðsynlegt er að öll stjórnslu og leyfisveitingar verði skilvirk og samræmd. Æskilegt er að koma upp einni vefgátt þar sem hagsmunaaðilar geta nálgast upplýsingar um skilyrði sem um þeirra starfsemi gildir og jafnframt að öll samskipti við stofnanirnar fari þar um.

Virðingarfyllst,



F. h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi